

Sp.

275. Tillaga til þingsályktunar

[149. mál]

um farmgjöld.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að reglur um farmgjöld, sem settar eru af verðlagsyfirvöldum, verði þannig, að flutningsgjöld á vörum til landsins séu ávallt jöfn til allra hafna á landinu. Sé um að ræða framhaldsflutning frá upphaflegri innflutningshöfn, verði kostnaður af slíkum flutningi innifalinn í aðflutningsgjaldinu til landsins, svo að tryggt sé, að allar helztu nauðsynjavörur geti jafnan verið á sama verðlagi hvar sem er á landinu.

Greinargerð.

Um nokkurra ára bil hefur sá háttur verið hafður á um þau farmgjöld, sem ákveðin hafa verið af verðlagsyfirvöldum landsins, að þau væru jafnhá til allra staða á landinu og eins þó að um væri að ræða framhaldsflutningsgjöld frá upphaflegri innflutningshöfn. Með þessum hætti hefur verið kleift að hafa sama verð á öllu landinu á kornvörum, fóðurvörum og sykri, svo að dæmi séu nefnd.

Nokkru fyrir síðustu áramót gerði Eimskipafélag Íslands breytingu á þessari almennu reglu og ákvað, að það mundi ekki taka á sig neinn hluta af framhaldsflutningi vörunnar til staða utan fyrstu innflutningshafnar, nema í þeim tilfellum, að varan væri beinlínis skrásett á farmskírteini til annarrar hafnar. Afleiðing af þessari breytingu félagsins á flutningi vara til landsins verður óhjákvæmilega sú, að verð á kornvörum, fóðurvörum og sykri hlýtur yfirleitt að hækka á stöðum utan Reykjavíkur, en þangað eru þessar vörur yfirleitt fluttar fyrst til landsins. Verðhækkun á kornvörum mun verða af þessum ástæðum um 10—11% á stöðum utan Reykjavíkur.

Verðlagsstjóri mun þegar hafa fengið nokkrar umkvartanir utan af landi vegna þessara verðhækkana. Brauðgerðarhús, sem þurft hafa að greiða viðbótarflutningsgjald, hafa krafizt heimildar til verðhækkunar á brauðum, og verzlaniir leggja viðbótagjaldið á þær vörur, sem þær selja. Þannig verður innan skamms allt verðlag á brauðvörum, korni, fóðurvörum og sykri 10—15% hærra úti á landi en það er í Reykjavík, skerist verðlagsyfirvöldin ekki í málið og stöðvi þessa þróun.

Skrifstofa verðlagsstjóra hefur haft mál þetta til athugunar og leitað álits ríkisstjórnarinnar um, hvað gera skuli varðandi þessa einhliða ákvörðun Eimskipafélags Íslands um breytingu á farmgjöldum þeim, sem verðlagsyfirvöldin hafa ákveðið. En enn hefur ekki heyrzt, að ríkisstjórnin hafi hugsað sér að koma í veg fyrir það verðlagsmisræmi, sem með þessu yrði. Ég tel því óhjákvæmilegt að flytja þingsályktunartillögu um málið og legg til, að Alþingi taki skýra afstöðu til málsins og ákveði, að sami háttur skuli hafður á um framkvæmd þessara verðlagseftirlitsmála og verið hefur um langan tíma. Ég tel óviðunandi, að verðlag á ýmsum brýnustu nauðsynjavörum sé miklu hærra á stöðum úti á landi en hér í Reykjavík. Slíkur verðmismunur gæti haft í för með sér margvislegar hættur, og hætt er við, að endurskoða yrði þá einnig vöruflutninga til landsins.

Ég tel það skyldu Alþingis að koma í veg fyrir, að slíkt óréttlæti skapist, að verðlag á helztu nauðsynjum þurfi að vera mjög breytilegt á hinum ýmsu stöðum á landinu.